

## Ferðaklúbburinn 4x4

Um 1980 var nokkuð orðið um að menn væru að breyta jeppum til að þeir hentuðu betur til aksturs á snjó og aðallega með því að setja undir þá stærri dekk. Til að byrja með voru notuð Lapplander dekk sem voru um 35" og hver aðili fór sína leið í þessum breytingum og oftast en ekki voru þessar breytingarnar þynnrir í augum Bifreiðæfirtirlitsins. Það varð fljótlega ljóst að setja þyrfti reglur um þessar breytingarnar til þess að tryggja að breyttir bílar fengju sanngjarna og eðlilega meðhöndlun í skoðun. Af þessum ástæðum kom saman fimmtíu manna hópur í Vélskóla Íslands þann 10. mars 1983 og stofnaði Ferðaklúbbinn 4x4.

Klúbburinn er í dag þekktur meðal almennings og þar hefur verið unnið mikið og gott starf í að samræma viðhorf yfirvalda og jeppamanna. Árangurinn af starfi klúbbsins kemur best fram í rannsóknnum sem sýna að breyttir jeppar valda færri umferðarslysum en önnur ökutæki.

### Ferðaklúbburinn 4x4 í dag

Í dag telur klúbburinn yfir 4.000 félaga á öllu landinu og innan hans eru starfandi tíu landsbyggðadeildir og fjöldi nefnda. Það hefur alltaf verið hluti af starfi klúbbsins að skipuleggja ferðir fyrir félagsmenn og þær stærstu eru líklega "100 bíla ferðin" sem var farin var á árinu 1987 og stóra ferðin sem farin var á árinu 2000. Árlega eru ferðir á vegum klúbbsins s.s. nýliðaferðir þar sem nýjum félagsmönnum gefst tækifæri til að ferðast undir leiðsögn reyndra manna, kvennaferðir þar sem konur eru í aðalhlutverki og einnig ferðir fyrir stærri bíla.

Sem dæmi um önnur verkefni á vegum klúbbsins má nefna störf að umhverfis- og fjarskiptamálum og klúbburinn hefur sett upp net endurvarpa fyrir VHF talstöðvar sem auka öryggi ferðalanga til muna.

Einnig er námskeiðahald og fræðsla í notkun tækja (CB, VHF, GPS, PC, AC, NMT), skyndihjálp, fjallamennsku, akstri og rötun stór hluti af starfinu

### Setrið fjallamiðstöð 4x4

Á árinu 1988 réðst klúbburinn í það stórvirki að reisa sér fjallaskála sunnan Hofsjökuls, skammt austan Kerlingarfjalla. Í upphafi var byggt 60 fermetra hús á tveimur hæðum, en fljótlega kom í ljós að það var of lítið. Nú hefur húsið verið stækkað í þrjúgang og Setrið er í dag einn vandaðasti fjallaskáli landsins með svefnaðstöðu fyrir allt að 70 manns, rennandi vatni, olíukynntri hitun, salernishúsi og 220 volta rafstöð. Auk Setursins hefur klúbburinn fyrir að ráða nokkrum öðrum skálum á hverjum tíma.

### Daglegt starf 4x4 – fundir, opið hús og nefndir

Ferðaklúbburinn 4x4 er með opna félagsfundi fyrsta mánudag í hverjum mánuði í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6 og opið hús í félagsaðstöðu klúbbsins á Eirhöfða 11, Skemmu 3, Ártúnshöfða öll fimmtudagskvöld. Vefur klúbbsins er á slóðinni <http://www.f4x4.is> og netfangið er [f4x4@f4x4.is](mailto:f4x4@f4x4.is).

### Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd mótar stefnu klúbbsins í umhverfismálum og er talsmaður hans í þeim málaflokki. Megin verkefni nefndarinnar er að beita sér fyrir náttúruvænni ferðamennsku félagsmanna, berjast gegn utanvegaakstri og náttúruskemmdum af völdum aksturs í náttúrunni og að auka umhverfisvitund félagsmanna. Nefndin stendur fyrir ferðum þar sem unnið er að umbótum í umhverfismálum samhliða náttúrutengdri fræðslu. Meðal slíkra ferða eru ferðir í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Til fjölda ára hefur nefndin staðið fyrir stikuferðum þar sem farið er á valin svæði, leiðir stikaðar og villuslóðum lokað. Undanfarin ár hefur verið farið í Þórsmörk og plantað og sáð í svokallaðan Merkurrana, en hann var friðaður fyrir sauðfjárbreit um 1990. Nú er svo komið að Merkurranninn telst uppgræddur, og verður því haldið á nýjar slóðir næsta vor.

### Hjálparsveit

Í upphafi var sveitin stofnuð með það að markmiði að vera félögum til aðstoðar á fjöllum og koma í veg fyrir neikvæð umræða og uppblásnar fréttir í fjölmiðlum ef jeppfólk lenti í vandræðum. Sveitin er ekki björgunarsveit og steðji hættu að, skal skilyrðislaust kalla til björgunarsveit með formlegum hætti. Á seinni árum hefur hefur fræðsla orðið sífellt veigameiri þáttur í starfi sveitarinna og sveitin m.a. gefið út upplýsingarit sem félagar eru hvattir til að hafa til taks í bílum sínum. Sveitin byggir á tengslaneti aðila um allt land og er í góðu samstarfi við Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík.

### Skálanefnd

Nefndin hefur umsjón með skálanum Setrinu og hefur séð um breytingar og viðhald hans frá upphafi. Nú síðast var byggt salernishús við skálann þannig að í fyrsta skipti er innangengt á salerni. Nefndin stendur fyrir nokkrum vinnuferðum í Setrið á hverju ári.

### Ritnefnd

Ritnefnd hefur umsjón með útgáfu félagsrits klúbbsins, Setursin sem hefur til fjölda ára verið gefið út mánaðarlega. Útgáfu hefur verið fækkað í þrjú tölublöð á ári eftir að vefur klúbbsins varð aðal vettvangur hans til framsetningu upplýsinga.

### Litlanefnd

Hlutverk Litlanefndarinnar er að standa fyrir ferðum fyrir nýliða á lítið breyttum eða óbreyttum bílum, óháð dekkjastærð. Einnig stendur nefndin fyrir fræðslu til félagsmanna, t.d. með sérstökum námskeiðum sem haldin verði í tengslum við ferðir á vegum nefndarinnar.

### Tækninefnd

Tækninefnd fylgist með tækninýjungum varðandi búnað fjórhjóladrifsbifreiða og miðlar þeim upplýsingum til félagsmanna. Einnig starfar nefndin með yfirvöldum að gerð reglugerða og breytingum á þeim fyrir breyttar fjórhjóladrifsbifreiðir.

### Skemmtinefnd

Skemmtinefnd hefur umsjón með skemmtanahaldi á vegum klúbbsins, s.s. bjórkvöldum, þorablótum og árshátíð, hvort sem er í byggð eða ekki.

### Fjarskiptanefnd

Hlutverk fjarskiptanefndar er að fylgjast með þróun og valkostum í fjarskiptamálum og miðla upplýsingum um þetta til félagsmanna. Ennfremur sér nefndin um skráningu fjarskiptarása í nafni klúbbsins og rekstur endurvarpa í hans eigu.

### Vefnefnd

Nefndin var stofnuð þegar núverandi vefur félagsins var tekinn í notkun og hefur hún umsjón með daglegan rekstri og ritstjórn hans. Einnig sér nefndin um tæknilega atriði s.s. skráningu á lénum, samskipti við hýsingaraðila o.þ.h. og aðstoð við félagar og aðrar nefndir varðandi innsetningu efnis á vefinn

### Húsnæðisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er umsjón með húsnæði félagsins að þar sem skrifstofa og aðstaða fyrir minni fundi og samkomur er til staðar.